

## Eiríkur Rögnvaldsson

### Hvers konar málfræði á að kenna á háskólastigi?

Góðir áheyrendur. Ég óska Mími til hamingju með fimmtugsafmælið, og þakka fyrir boð um að taka þátt í þessu málþingi. Mér var falið að fjalla um málfræðikennslu á háskólastigi, og ákvað að kalla erindið "Hvers konar málfræði á að kenna á háskólastigi?". Mig langaði til að velta því örlítið fyrir mér hvað við málfræðikennarar værum að fást við, hefðum verið að fást við og ættum að fást við. Í upphafi tek ég fram að þótt talað væri um "háskólastig" í forsögn minni, og titli erindisins, þótti mér eðlilegt að miða einkum við Háskóla Íslands, en hvorki aðra íslenska skóla á háskólastigi né erlenda háskóla.

Þar eð hér á að fjalla um íslensk fræði í fortíð, nútíð og framtíð er eðlilegt að hafa fyrst nokkurn sögulegan inngang. Fyrir 20 árum, þegar ég hóf nám í íslensku við Háskóla Íslands, var enn í gildi svokallað stigakerfi, þar sem 6 stig þurfti til B.A.-prófs. Haustið 1977 var síðan tekið upp það einingakerfi sem enn er í gildi, og stigin þýdd yfir í einingar, þar sem hvert stig var yfirleitt látið samsvara 15 einingum. Áður var mest hægt að taka þrjú stig í einni grein, eða sem svarar til 45 eininga. Með einingakerfinu varð skylt að taka 60 einingar í einni grein, og 30 í annarri; og nokkrum árum síðar kom svo sá möguleiki að taka 90 einingar í einni og sömu grein. Þetta þýðir að nemandi sem lýkur B.A.-prófi með íslensku sem aðalgrein á nú að baki a.m.k. þriðjungu meira nám í greininni en sá sem lauk B.A.-prófi fyrir 20 árum, og jafnvel allt að tvöfalt meira.

Stigakerfið hafði verið tekið upp um miðjan 7. áratuginn, og þá kom fyrst til sögu B.A.-próf í íslensku, en áður hafði ekki verið neitt sambærilegt lokapróf í greininni. Menn tóku að vísu svokallað fyrrihlutapróf á svipuðu stigi og B.A.-prófið varð, en það var eins og nafnið bendir til ekki lokapróf, heldur áfangi á leið að lokamarkinu, kandidateits- eða meistaraþrófi. Ég held að hægt sé að halda því fram að þótt B.A.-prófið hafi formlega séð verið fullgilt háskólapróf á dögum stigakerfisins þá hafi það í raun ekki verið hugsað fyrst og fremst sem lokapróf, heldur sem hluti af stærri heild, áfangi á leið að kandidateitsþrófi, eins og fyrirrennari þess.

Sú málfræði sem kennd var til B.A.-prófs stigakerfisins var að miklu leyti söguleg. Þar var farið yfir sérhljóðakerfi fornmálsins, nemendur fengu nasasjón af lestri handrita og skýringum dróttkvæða, og stiklað var á stóru í íslenskri málsögu. Miklum tíma var varið í gotnesku og germanska samanburðarmálfræði. Síst situr á mér að lasta þessi fræði, en þetta var e.t.v. ekki það sem kom að mestu gagni við þau störf sem nemendur tóku sér fyrir hendur að námi loknu. Við það bættist að þessir tímar, fyrri hluti 8. áratugarins, voru byltingartímar, þegar stúdentar voru róttækir og vildu hafna ýmsum gömlum gildum. Það var því varla von að málfræði af þessu tagi höfðaði sérstaklega til þeirra.

Vissulega var drepit á íslenskt nútímamál í kennslunni á þessum tíma, einkum beygingarfræði; en þar var helsta kennslubókin *Icelandic* eftir Stefán Einarsson, sem var víst upphaflega samin handa bandarískum hermönnum á stríðsárunum en ekki íslenskunemum í Háskóla Íslands. Yfirleitt var átakanlegur skortur á kennslubókum í nútímamáli, og það leiddi til þess að sú kennsla sem þó var í nútímamáli höfðaði ekki sérstaklega vel til nemenda heldur; þeim fannst þetta ekki tengjast íslenskum veruleika. Það var svo ekki til bóta að námskeið í almennum málvísindum og hljóðfræði, sem allir stúdentar í íslensku og erlendum tungumálum þurftu að taka, var utan stigakerfisins; það leiddi til þess að margir tóku það með

sama hugarfari og fíluna, þ.e. leiðinlegt skylduverk sem þarf að ljúka, og litu svo á að þegar það próf væri afstaðið þyrfti aldrei að hugsa neitt um almenn málvísindi og hljóðfræði meira.

Þetta hefði kannski verið í lagi ef flestir sem tóku B.A.-próf á þessum tíma hefðu haldið áfram í kandídatnámi. En því var ekki að heilsa. Á fyrri hluta 8. áratugarins var mikil útpensla í framhaldsskólakerfinu; fjöldi nýrra skóla reis, og nemendum fjölgaði einhver ósköp. Til að starfa við alla þessa skóla og kenna öllum þessum nemendum þurfti auðvitað fjölda nýrra kennara. Nú stóð svo á að um 1970 hafði ákvæðum um embættisgengi kennara verið breytt, þannig að ekki þurfti lengur kandídat- eða meistaraþróf til að öðlast kennsluréttindi á framhaldsskólastigi; B.A.-prófið nægði, að viðbætti uppeldis- og kennslufræði. Þeir sem luku B.A.-prófi um þessar mundir áttu því auðvelt með að fá störf við framhaldsskóla, og starfa þar margir enn í dag, enda auðvitað fólk á besta aldri.

Ég þekki margt af þessu fólki vel, og veit að meðal þess eru margir afbragðs kennarar, og vinsælir eftir því. En þeir hafa ekki góðar forsendur til að kenna málfræði. Þetta er ég auðvitað ekki að segja þessum kennurum til lasts; en þetta er staðreynd. Sú málfræðimenntun sem þessir kennarar fengu í háskólanámi sínu var bara ekki þess eðlis að hún kæmi að miklu gagni. Og það sem verra var; hún dugði ekki heldur til að þeir hefðu nokkurn grunn til að byggja sjálfir ofan á. Ég hef oft haldið því fram að hér sé komin ein helsta ástæða fyrir minnkandi málfræðikennslu í framhaldsskólum á undanförunum árum. Það er eðlilegt að kennarar kjósi fremur að kenna það sem þeir eru vel að sér í og hafa áhuga á en það sem þeir finna sig vanmegnuga í. Þess vegna er skiljanlegt að þeir hafi tilhneigingu til að auka bókmenntakennslu á kostnað málfræðikennslunnar. Ég er ekkert endilega að segja að það sé óaskilegt; ég er ekkert sannfærður um að málfræðikennsla í framhaldsskólum eigi að vera mjög mikil. En þetta hefur óneitanlega áhrif á málfræðikennsluna í Háskóla Íslands.

Eins og menn vita er samræming ákaflega lítil í íslenskum framhaldsskólum. Ég hef engar áhyggjur af því þótt ekki sé til samræmt stúdentspróf, en vissulega getur oft verið óþægilegt við byrjendakennslu í Háskólanum hversu lítið samræmi er í því hvað nemendur hafa lært. Sumir hafa t.d. lært eitthvað í setningafræði, en sáralítið í hljóðfræði; en aðrir hafa góða undirstöðu í hljóðfræði, er aðeins örlitla nasasjón af setningafræði. Það er semsagt ekki hægt að treysta því að allur hópurinn viti hvað frumlag er; og þeir sem vita það hafa kannski enga hugmynd um hvað öngljóð er. Kennarinn verður þess vegna oft að velja milli þess að horfa upp á algert skilningsleysi í augum þorra nemenda eða byrja á byrjuninni og láta sem enginn í hópnum hafi lært neina málfræði. Hvorugur kosturinn er góður.

Á undanförunum árum hefur áhugi á íslenskri málfræði aukist verulega erlendis, eins og fram kom hér á málþinginu í gær. Það hefur t.d. verið skrifað margfalt meira um setningafræði íslensks nútímamáls síðustu 10-15 ár en samtals hafði verið gert þar á undan. Meginhluti þessara skrifa er á ensku, og þau byggjast yfirleitt á talsvert harðsnúnum fræðilegum forsendum. Sama gildir um ýmis önnur svið málsins, þótt í minna mæli sé. Kennarar hafa að vonum viljað nýta þetta efni í kennslu sinni, gera nemendur læsa á þetta efni og gera þeim kleift að nýta sér það og vinna úr því. Þetta hefur stuðlað að því að málfræðikennslan í íslenskunni hefur verið talsvert fræðileg, og má vissulega deila um hvort það sé að öllu leyti til góðs. Auðvitað er eðlilegt að kennsla í háskóla sé fræðileg, og byggist á þeim fræðikenningum og stefnum sem hæst ber og bestar þykja hverju sinni. En því er ekki að neita að slík fræðileg kennsla hefur ekki mjög bein tengsl við ýmis störf sem íslenskunemar taka sér fyrir hendur að námi loknu.

Kennslugreinin íslenska í Háskóla Íslands þarf nefnilega að þjóna tveimur herrum. Annars vegar á þetta auðvitað að vera akademísk grein, þar sem markmiðið er að fræða nemendur sem best og þjálf þá í vísindalegum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, án nokkurs tillits til hagnýtis, tengsla við atvinnuvegina o.s.frv. Hins vegar verður óhjákvæmilega að taka tillit til þess að eitthvað verður fólk að taka sér fyrir hendur að prófi loknu, og ekki verða allir fræðimenn. Hér skiptir líka máli að Háskóli Íslands er kennaramenntunarstofnun, þótt það komi ekki fram í lögum hans eða reglugerð. Í lögum um embættisgengi kennara er gerð krafa um tiltekna menntun framhaldsskólakennara, og þá menntun hefur ekki verið hægt að fá annars staðar en í Háskóla Íslands. Það er óhjákvæmilegt að taka eitthvert tillit til þessa.

Það hefur líka aukist mjög á undanförunum árum að fólk með B.A.-próf í íslensku leggi fyrir sig önnur störf en kennslu, s.s. hvers kyns fjölmiðlastörf, bókaútgáfu, auglýsingagerð o.fl. Íslenskunámið gegnir því öðrum þræði hlutverki starfsnáms, og það er eðlilegt að nemendur ætlist til þess að tekið sé tillit til þessa í kennslunni. Það er líka nauðsynlegt að hafa í huga að nemendahópurinn hefur breyst. Eins og alkunna er lýkur nú miklu stærri hluti hvers árgangs stúdentsprófi en fyrir 20 árum, svo að ekki sé farið lengra aftur. Þetta þýðir væntanlega líka að hópurinn er sundurleitari að námsgetu og áhugasviði. Þótt nýnemar í íslensku séu ekki fleiri nú en fyrir 20 árum má ætla að samsetning hópsins sé talsvert önnur, og væntingar og markmið fjölbreyttari. Því má spyrja: Á málfræðikennslan að taka eitthvert tillit til þessara breytinga; og hefur hún gert það?

Málfræðikennslan hefur vissulega breyst á síðustu 20 árum. Bæði hefur kennsla í málfræði íslensks nútímamáls verið aukin verulega, og eins hafa verið tekin upp námskeið sem eiga að hafa hagnýtt gildi. Þar má bæði nefna valnámskeiðið *Meðferð talaðs máls* og einnig *Aðferðir og vinnubrögð*, sem er skyldunámskeið í upphafi náms og ætlað til þjálfunar í ýmsum hagnýtum atriðum; en e.t.v. þarf að gera meira. Það er líka spurning hvort eigi að viðurkenna í verki það starfsmenntunarhlutverk sem greinin hefur í raun. Eins og áður segir fer nú talsverður hluti þeirra sem taka B.A.-próf í íslensku í ýmis störf þar sem einkum reynir á öryggi í meðferð málsins, hæfni til að semja góðan texta, auðugan orðaforða, kunnáttu í stafsetningu o.s.frv., en teoretísk málfræði skiptir litlu máli. Þjónusta við þessa nemendur er hins vegar tiltölulega lítil. En þá kemur líka upp spurningin um það hvort rétt sé að hafa tvær brautir innan íslenskunnar; aðra fræðilega, en hina hagnýta. Það gæti jafnvel komið til greina að taka upp nýja tegund náms; við skulum segja tveggja ára hagnýtt nám í meðferð og beitingu málsins. Ég er ekki frá því að slíkt nám gæti gagnast talsverðum hluta nemenda betur en það nám sem við bjóðum nú.

Ég hef oft orðið var við það að þeir sem snúa sér að framhaldsskólakennslu að námi loknu verða dálítið ráðvilltir. Það er nefnilega æði mikill munur á þeirri málfræði sem við kennum í Háskólanum og því sem framhaldsskólarnir kenna. Nýútskrifaðir menn með B.A.-próf í íslensku vita því ekki vel hvað þeir eiga að gera frammi fyrir heilum bekk af framhaldsskólanemum sem allar líkur eru á að séu fyrirfram andsnúnir allri málfræði. Stundum reyna menn að bera á borð fyrir framhaldsskólanemendurna eitthvað svipað og þeir hafa sjálfir lært í Háskólanum, en það endar oftast með ósköpum. Þá er hætta á að menn guggni og fari bara að kenna það sem þeim var sjálfum kennt á sínum framhaldsskólaárum. Þarna vantar einhvern milliveg. Það þarf að gera mönnum kleift að nýta þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér í Háskólanum og matbúa hana þannig að framhaldsskólanemar geti melt hana. Það má vel halda því fram að við málfræðikennarar í Háskólanum höfum brugðist að þessu leyti.

Ég hef fram undir þetta talið að hlutverk íslenskukennslu í Háskóla Íslands væri ekki að kenna nemendum íslensku, því að þeir kynnu hana til nokkurrar hlítar þegar þeir kæmu í skólann. Hlutverk málfræðikennslunnar væri að kenna nemendum eitthvað **um** málið; sögu þess, gerð og eðli. Á seinni árum hef ég hins vegar stundum efast svolítið um að við getum látið alveg hjá líða að kenna nemendum eitthvað í málinu sjálfu. Mér finnst ég verða meira og meira var við að nemendur kunni ekki ýmis atriði í beygingum, orðaforða, setningagerð o.fl., sem mér finnst að þeir ættu að kunna. Nú kann vel að vera að þetta sé ímyndun hjá mér, og sýni bara að ég sé að verða íhaldssamur með aldrinum. En það ætti hins vegar ekki að koma á óvart ef þetta væri rétt. Margt bendir til þess að dregið hafi verulega úr lestri barna og unglunga á síðari árum, sennilega í tengslum við aukið áhorf á sjónvarp og myndbönd; og búast má við að þeir árgangar séu farnir að skila sér upp í háskóla. En varla leikur vafi á að lestur er mjög mikilvægur þáttur í málþjálfun.

Allt ber þetta að sama brunni; það er þörf á að auka kennslu í því sem kallað hefur verið hagnýtt málfræði. Með því á ég annars vegar við beina kennslu tiltekinna þátta málsins og þjálfun í meðferð þeirra, og hins vegar kennslu í því að hagnýta þekkinguna, hvort heldur er í framhaldsskólakennslu, fjölmiðlavinnu eða á öðrum vettvangi. Þetta þýðir hins vegar ekki að það eigi að draga úr kennslu í fræðilegri málfræði. Þvert á móti er mikilvægt að henni verði haldið áfram, og hún efla frekar en hitt. Eins og áður er komið fram er nú mikill áhugi á íslensku í málfræðiheimnum, og íslenskir málfræðingar hafa sýnt að íslenska er forvitnilegt mál og rannsóknir á henni hafa almennt gildi. Það er því bráðnauðsynlegt að ala upp fleiri vel menntaða málfræðinga sem geta tekið þátt í alþjóðlegum samræðum málfræðinga á jafnréttisgrundvelli. Slíkt gerist hins vegar ekki nema haldið sé uppi öflugri fræðilegri kennslu í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands.

Svo að ekki sé eingöngu talað um fortíðina og nútíðina, heldur líka horft til framtíðar, langar mig að lokum til að nefna hér tvö skyld svið sem lítið sem ekkert hefur verið sinnt innan íslenskrar málfræði. Annars vegar er það sem nefnist *computational linguistics* á ensku, og kallað hefur verið *máltölvun*; og hins vegar það sem heitir á ensku *corpus linguistics*, og e.t.v. mætti kalla *gagnamálfræði*. Á báðum sviðum er tölvutæknin nýtt við málrannsóknir, og reyndar eru skilin þarna á milli alls ekki skýr. Í grófum dráttum má þó segja að innan máltölvunar sé fengist við að skrifa málfræði sem tölvur geta skilið; mállýsingar sem síðan má nota til að byggja á þeim forrit sem notuð eru við vélræna greiningu manlegs máls. Gagnamálfræði fæst á hinn bóginn við rannsóknir á stórum textasöfnum, og les út úr þeim ýmiss konar upplýsingar um málið. Þetta tvennt vinnur þó saman á margvíslegan hátt.

Eins og ég sagði höfum við málfræðikennarar í íslensku ekkert sinnt þessum málum, svo að talandi sé um. Erlendis eru þessi svið hins vegar greinilega í mikilli sókn, og þegar auglýst er eftir málfræðingum þar, t.d. á Internetinu, er mjög oft um að ræða störf við máltölvun. Hér er ég hræddur um að við séum að dragast aftur úr; og þá á ég ekki eingöngu við íslenska málfræði, heldur málfræði við Háskólann yfirleitt, því að milli íslensku og almennra málvísinda t.d. hafa löngum verið nán tengsl. Nú er það auðvitað ekkert einsdæmi að eitthvert svið málfræðinnar verði útundan hér á landi; íslenskir málfræðingar eru fáir en málfræðin fjölbreytt, og það er auðvelt að nefna ýmsar undirgreinar eða hliðargreinar málfræðinnar sem hér er lítið sem ekkert sinnt. Og er þá nokkur ástæða til að hafa áhyggjur af þessu?

Ég held reyndar að svo sé, og ástæður þess eru tvenns konar. Annars vegar þurfum við að hugsa um framtíð nemenda okkar, og okkar sjálfra og greinarinnar í leiðinni. Mér sýnist

nefnilega margt benda til þess að á þessum sviðum liggi mestu atvinnumöguleikarnir á næstunni. Hin svokallaða upplýsingabylting hefur nefnilega aukið vægi tungumálsins á ýmsum sviðum. Nú byggist allt á því að afla upplýsinga fljótt og vel, og miðla þeim þangað sem þarf; og þessar upplýsingar eru yfirleitt á einhverju tungumáli. Aukið alþjóðlegt samstarf hefur líka leitt til stóraukinna samskipta fólks sem ekki talar sama tungumál; og tölvutæknin gegnir stóru hlutverki í því að draga úr þeim erfiðleikum sem þessu eru samfara. Þess vegna eru líkur á að á næstunni aukist eftirspurn eftir fólki með menntun í íslenskri málfræði, sem hefur fengið þjálfun í því að beita tölvutækni við greiningu málsins eða búa málfræðileg gögn til vinnslu í tölvum. Ef við sjáum fólki ekki fyrir slíkri menntun er hættu á að nemendum í íslensku fækki, og þá fer auðvitað að hitna undir okkur kennurunum.

Hin ástæðan er umhyggja fyrir íslenskunni. Eins og ég var að segja má búast við að vægi tungumálsins stóraukist á ýmsum sviðum. Og við þurfum ekki að fara í grafgötur um hvaða tungumál þar er um að ræða; það er auðvitað enskan, eða verður það a.m.k. ef ekkert verður að gert. Um þessar mundir setur fjöldi Evrópuþjóða mikið fé í hvers kyns vinnu með móðurmál sitt - vinnu sem hefur það að markmiði að gera viðkomandi mál gjaldgengt á sem flestum sviðum nútíma tækni. Þessar þjóðir gera sér grein fyrir því að sé þetta ekki gert verða tungumál þeirra undir í samkeppni við enskuna. Það er alþekkt að til að tungumál sé lífvænlegt þarf það að vera nothæft á öllum sviðum daglegs lífs þeirrar þjóðar sem talar það. Tungumál sem ekki er hægt að nota á einhverjum tilteknum sviðum, ég tala nú ekki um ef það eru þau svið þar sem mest er að gerast og þykja mest spennandi, á ekki bjarta framtíð. Þess bíða þau örlög að verða annars flokks mál, aðeins til heimabruks; og þegar svo er komið er þess skammt að bíða að málið deyi með öllu, og lifi aðeins í gullaldarbókmenntum sem enginn skilur.

Ég þakka áheyrnina.